

Greinargerð um starfsemi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga 1947-1974 eftir Kristmund Bjarnason dagsett 13. janúar 1975.

Fylgdi bréfi Kára Jónssonar formanns stjórnar Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, Sauðárkróki 20. janúar 1975 til Menntamálaráðuneytisins. Bréf Kára barst ráðuneytinu 29. janúar 1975 og er fært undir málsauðkenni H-28.

Greinargerð
um Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

Handritasöfnun hófst í Skagafirði með stofnun Sögufélags Skagfirðinga árið 1937. Varð félaginu vel ágengt og afhenti síðar Héraðsskjalasafni Skagfirðinga alla handritaeign sína, en það var stofnað 23. apríl 1947, sama ár og lög gengu í gildi um héraðsskjalasöfn.

Nokkuð vantaði á lengi framan af, að Héraðsskjalasafn Skagfirðinga gæti að fullu rækt þær skyldur, sem mælt er fyrir í lögum nr. 7 1947. Olli því ófullnægjandi húsnæði og fjárskortur. Þó barst mikið af hvers konar skjalgögnum til safnsins, en þau lágu þar óskrásett.

Er Héraðsskjalasafn Skagfirðinga flutti í ný og vegleg húsakynni árið 1971, var það opnað til almennra nota. Jafnframt var gangskör gerð að því að heimta inn opinber skjöl hvaðanæva úr héraðinu. Gekk sú innheimta ærið dræmt framan af, unz fenginn var maður til að fara um héraðið í þessu skyni. Ætla má, að nú hafi innheimzt helft opinberra skjála, sem þar hafa varðveitt.

Auk opinberra og afhendingarskyldra skjalgagna varðveitir safnið mikið af handritum almenns efnis, svo sem bréfasöfn, dagbækur, sagnapætti, vísnaöfn, rímur, staðháttalýsingar, annála o.s.frv. Eitt elzta handritið mun vera Konungs skuggsjá og Sverrissaga frá því um 1650. Héraðsskjalasafnið á og mikið lesfilmusafn, sem geymir flestar kirkjubækur landsins fram um 1940, svo og dómsmálabækur, manntöl, ættfræðirit o.fl.

Ljósmyndasafn stofnunarinnar er mikið að vöxtum, má þar rekja skagfirzka sögu í myndum í nærfellt heila öld eða frá því að ljósmyndagerð hófst hérlendis. Er hér um að ræða manna- myndir, atburðamyndir og staðamyndir. -Safnið er enn óskrásett.

Afgreiðslutími Héraðsskjalasafns Skagfirðinga hefur frá opnun þess verið í því lágmarki, sem lög heimila eða 6 klst. á viku. Þó hefur jafnan verið leitast við að sinna beiðnum utan afgreiðslutíma, eftir því sem kostur hefur verið. Síðastliðið haust var skjalavörður ráðinn til að inna af hendi 1/3 hluta fulls starfs.

Frá því að safnið var opnað til almennra nota, hafa háskólanemar sótt það að staðaldri og ~~veg~~ haft þar vinnuástöðu mánuðum saman við fræðalegar rannsóknir, einkum þeir, er valið hafa sér skagfirzkt efni að kjörsviði. Ennfremur er mikið leitað til stofnunarinnar munnlega og skriflega af þeim, sem vinna að vísindalegum verkefnum hérlendis og erlendis, t.a.m. í þjóðháttafræði.

Enn hefur aðeins lítil hluti þessa mikla safns verið flokkaður og skrásettur, og tefur slíkt mjög alla afgreiðslu, og í mörgum tilfellum hefur ekki reynzt hægt að svara fyrirspurnum af þeim sökum. Ástæðuna má rekja til fjárskorts. Það er naumast hægt að ætlast til þess, að áhugamenn vinni stofnuninni kauplaust í frístundum sínum, en það hefur verið þrautaráð til þessa, þrátt fyrir styrki frá sýslu og kaupstað.

Sauðárkróki, 13. jan. 1975

Kristmundur Bjarnason
Kristmundur Bjarnason

skjalavörður